

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. desember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Mál nr. 507 á 154. Löggjafarþingi.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint mál. Ráðið vísar til umsagna um málið á fyrri stigum en vill áréttta eftirfarandi.

Stjórnvöld hafa sett sér háleit markmið í loftslagsmálum og orkuskiptum en vistvænar samgöngur eru stór hluti af þeirri vegferð. Mikilvægt er að skattar og önnur stjórnþæki hins opinbera hvetji almenning og fyrirtæki til kaupa á hreinorkubílum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðið ítrekar nauðsyn þess að fyrirkomulag ívilnana og styrkja liggi fyrir áður en til nýrrar gjaldheimtu kemur og sýnt verði fram á að nýtt kerfi feli í sér ótvíræða hvata til orkuskipta.

Með frumvarpinu er stefnt að nýjum skatti sem áætlað er að skili ríkissjóði um 3 ma. kr. en stjórnvöld hafa lengi stefnt að breytingum á gjaldheimtu af ökutækjum, án þess að sú kerfisbreyting væri útfærð. Stutt er síðan hugmyndir um útfærslu voru kynntar, en áform um frumvarpið voru ekki birt fyrr en 4. október, drög að frumvarpi kynnt í samráðsgátt 3. nóvember og mælt fyrir því á Alþingi 21. nóvember. Almennt færi betur á því að gefa meiri fyrirvara vegna íþyngjandi breytinga á skattkerfinu, bæði gagnvart fólki og fyrirtækjum.

Viðskiptaráð telur eðlilegt að þeir sem nota vegina greiði fyrir þau not en huga þarf að áhrifum gjaldheimtu til hlítar og hafa í huga að vegakerfi landsins er lífæð byggðanna. Ráðið hvetur stjórnvöld til að vanda heildarútfærsluna með það fyrir augum að þyngja ekki skattbyrði vegna samgangna.

Virðingarfyllst,

Maria Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands